

## LÖG

### um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Lög þessi gilda um fólksflutninga á landi í atvinnuskyni með bifreiðum sem skráðar eru fyrir níu farþega eða fleiri, sbr. þó 8. og 10. gr., og vöruflutninga og efnisflutninga á landi í atvinnuskyni með ökutækjum, hvort sem um eitt ökutæki eða samtengd ökutæki er að ræða. Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæðum þessara laga fyrir tiltekna vöruflutninga og fyrir ákveðnar tegundir ökutækja eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

##### 2. gr.

##### *Yfirstjórn.*

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga og almenningssamgangna samkvæmt lögum þessum. Vegagerðin fer með framkvæmd laga þessara og stjórnvaldsreglna settra samkvæmt þeim.

## II. KAFLI Orðskýringar.

### 3. gr.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

- a. *Almennt rekstrarleyfi*: Leyfi skv. 4. gr. sem allir sem stunda fólksflutninga, vöruflutninga og/eða efnisflutninga gegn endurgjaldi þurfa að hafa.
- b. *Sérleyfi*: Leyfi sem veitt er til reglubundinna fólksflutninga og er aðgangur annarra takmarkaður á sérleyfisleið.
- c. *Einkaleyfi*: Sérleyfi sveitarfélags til reglubundinna fólksflutninga innan lögsagnarumdæmis þess.
- d. *Reglubundnir fólksflutningar*: Fastar ferðir á ákveðinni leið samkvæmt fyrir fram birtari áætlun þar sem farþegar eru teknir upp og settir af á leiðinni. Þjónustan er öllum opin, þ.e. almenningssamgöngur.
- e. *Sérstakir reglubundnir fólksflutningar*: Reglubundnir flutningar á ákveðnum hópi farþega og aðrir farþegar eru útilokaðir.
- f. *Óreglubundnir fólksflutningar*: Aðrir fólksflutningar en þeir sem tilgreindir eru í d- og e-lið. Með óreglubundnum flutningum er að jafnaði átt við flutning á hópi fólks sem orðið hefur til fyrir frumkvæði viðskiptavinar eða leyfishafans sjálfs. Slíkar ferðir geta verið farnar með reglulegu millibili án þess að teljast reglubundnir flutningar.
- g. *Fólksflutningar í atvinnuskyni*: Flutningur fólks gegn endurgjaldi þar sem farþeginn er ekki tengdur rekstri fyrirtækisins sem sér um flutninginn.
- h. *Fólksflutningar í eigin þágu*: Flutningur fólks þar sem ekki er innheimt gjald fyrir. Sem dæmi má nefna flutning starfsfólks til og frá vinnustað eða á milli vinnustaða ef fólksflutningabifreiðin er í eigu vinnuveitanda og ökumaður er starfsmaður hans. Flutningur sjúklinga og vistmanna heilbrigðisstofnana, enda sé bifreiðin í eigu stofnunarinnar og ökumaður starfsmaður hennar.
- i. *Vöruflutningar og efnisflutningar í atvinnuskyni*: Flutningur á vöru eða efni gegn endurgjaldi sem ekki fellur undir j-lið um flutning í eigin þágu. Með efnisflutningi er átt við flutning á jarðefnum, svo sem mól eða sandi.
- j. *Vöruflutningar og efnisflutningar í eigin þágu*: Flutningur vöru/efnis sem er í eigu skráðs eiganda eða umráðamanns bifreiðar sem flutt er með eða flutningur á vöru/efni sem hann hefur á leigu eða að láni, hefur í útleigu eða til láns eða hefur í vörslum sínum í því skyni að kaupa, selja, framleiða, umbreyta eða til viðgerðar eða í öðrum sambærilegum tilgangi. Ef um fyrirtæki er að ræða telst flutningur því aðeins í eigin þágu að flutningurinn sé lítill hluti af starfsemi viðkomandi fyrirtækis og ökumaður sé starfsmaður þess.

## III. KAFLI Leyfisveitingar.

### 4. gr.

*Almennt rekstrarleyfi.*

Almennt rekstrarleyfi Vegagerðarinnar þarf til að stunda fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga í atvinnuskyni samkvæmt lögum þessum. Leyfið skal gilda í fimm ár og vera óframseljanlegt. Vegagerðinni er heimilt, á grundvelli reglugerðar sem ráðherra setur, að gera mismunandi kröfur til útgáfu mismunandi leyfa eftir því sem eðli starfseminnar gefur tilefni til.

Ekkert leyfi þarf til flutnings í eigin þágu.

Samgönguráðherra getur með reglugerð sett nánari skilyrði um veitingu leyfa.

## 5. gr.

*Skilyrði leyfis.*

Þeir einir sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum geta öðlast rekstrarleyfi skv. 4. gr. laga þessara:

1. Hafa fullnægjandi fjárhagsstöðu eins og nánar er kveðið á um í reglugerð.
2. Fullnægja skilyrðum um starfshæfni eins og nánar er kveðið á um í reglugerð.
3. Hafa ekki verið dæmdir til refsivistar eða framið alvarleg eða ítrekuð brot á lögum og reglugerðum sem um starfsgreinina gilda. Hafi brot verið smávægilegt eða langt er um liðið frá því að brot var framið getur umsækjandi þó öðlast leyfi samkvæmt lögnum.

Skilyrðum skv. 1. mgr. verður leyfishafi einnig að fullnægja á leyfistímanum.

## 6. gr.

*Sérleyfi.*

Hlutverk reglubundinna fólksflutninga er að sjá almenningi fyrir samgöngum með fólksflutningabifreiðum. Vegagerðin hefur umsjón með skipulagi almenningssamgangna með bifreiðum.

Vegagerðin getur takmarkað fjölda aðila í reglubundnum fólksflutningum á einstökum leiðum með því að veita sérleyfi á þeim leiðum. Öðrum en sérleyfishafa er óheimilt að stunda reglubundna fólksflutninga á sérleyfisleið. Við veitingu sérleyfis skal gerður sérstakur þjónustusamningur þar sem þau skilyrði koma fram sem Vegagerðin setur, svo sem um ferðatíðni, ferðaleiðir, viðkomustaði, leyfilegar bifreiðar, umhverfisstuðla, gildistíma, uppsögn og greiðslu. Nánari útfærsla á þjónustusamningi skal tilgreind í reglugerð. Takist ekki slíkur samningur á milli aðila skal Vegagerðin efna til útboðs, eftir atvikum í samstarfi við aðra aðila sem stunda fólksflutninga, svo sem skólaakstur. Vegagerðin getur, séu fyrir því veigamikil rök, efnt til útboðs án undangenginnar tilraunar til þjónustusamnings fyrir 1. ágúst 2005.

Óheimilt er að framselja sérleyfi nema með samþykki Vegagerðarinnar.

Sérleyfishafa er, með samþykki Vegagerðarinnar, heimilt að nota bifreiðar sem skráðar eru fyrir færri en níu farþega við akstur á sérleyfisleið.

Vegagerðin getur sagt upp samningnum á leyfistímanum vegna skipulagsbreytinga innan ákveðinna svæða sem viðkomandi sveitarfélög standa sameiginlega að. Slíkur uppsagnarfrestur skal ekki vera skemmri en tvö ár. Segi sérleyfishafi upp samningnum eða brjóti gegn ákvæðum 14. gr. á leyfistímanum skal Vegagerðin efna til útboðs.

## 7. gr.

*Einkaleyfi.*

Vegagerðin getur veitt sveitarfélögum eða byggðasamlögum einkaleyfi til að skipuleggja og sjá um almenningssamgöngur með bifreiðum innan sveitarfélags. Einkaleyfishafi getur falið öðrum tímabundið að annast reglubundna fólksflutninga samkvæmt einkaleyfi.

Öðrum en einkaleyfishafa er óheimilt nema með samþykki hans að flytja um einkaleyfissvæðið aðra farþega en þá sem teknir eru upp utan þess og þá sem teknir eru upp innan svæðisins til flutnings út fyrir það. Vegagerðinni er heimilt að binda einkaleyfi þeim skilyrðum er þurfa þykir. Vegagerðin getur sagt upp einkaleyfi vegna skipulagsbreytinga á almenningssamgöngum.

Þeir aðilar sem stunda reglubundna flutninga samkvæmt einkaleyfi skulu í einu og öllu uppfylla skilyrði þessara laga, þar á meðal að hafa almennt rekstrarleyfi skv. 4. gr. og fullnægja gæða- og tækniröfum Vegagerðarinnar.

## 8. gr.

*Sérstakir reglubundnir fólksflutningar.*

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. og 7. gr. er öðrum en sérleyfishafa heimilt að stunda sérstaka reglubundna fólksflutninga, enda hafi viðkomandi almennt rekstrarleyfi skv. 4. gr. Til sérstakra reglubundinna fólksflutninga teljast flutningar starfsfólks til og frá vinnustað á kostnað vinnuveitanda enda falli þeir ekki undir h-lið 3. gr. og akstur skólanemenda. Flutningsaðili þarf að uppfylla skilyrði laganna og þær gæða- og tækniröfur sem Vegagerðin setur.

## 9. gr.

*Almenn ákvæði um leyfishafa.*

Leyfi samkvæmt lögum þessum má veita einstaklingum, hlutafélögum, einkahlutafélögum eða sameignarfélögum, enda uppfylli leyfishafinn skilyrði 1. tölul. 1. mgr. 5. gr. Ef leyfishafinn er einstaklingur skal hann jafnframt uppfylla 2. og 3. tölul. 1. mgr. 5. gr.

Ef leyfishafinn er félag skal starfa hjá því forsvarsmáður sem ber ábyrgð á rekstrinum. Hann skal uppfylla skilyrði 2. og 3. tölul. 1. mgr. 5. gr.

Heimilt er að kæra ákvarðanir Vegagerðarinnar samkvæmt lögum þessum til samgönguráðuneytis.

## 10. gr.

*Akstur sérútbúinna bifreiða.*

Vegagerðin skal veita leyfi til reksturs sérútbúinna bifreiða, t.d. til fjallaferða, enda þótt slíkar bifreiðar rúmi færri farþega en níu. Skilyrði slíks leyfis er að það sé notað í tengslum við þjónustu við ferðamenn og að umsækjandi hafi almennt rekstrarleyfi skv. 4. gr.

## 11. gr.

*Fólks-, vöru- og efnisflutningar innan**Evrópska efnahagssvæðisins.*

Þeir sem hafa almennt leyfi skv. 4. gr. geta sótt um leyfi til Vegagerðarinnar til að stunda fólks-, vöru- og efnisflutninga á milli ríkja Evrópska efnahagssvæðisins eða innan lands í þeim ríkjum. Vegagerðin veitir slík leyfi á grundvelli reglna sem um slík leyfi gilda. Sama gildir um leyfi sem veitt eru á grundvelli samninga við lönd utan Evrópska efnahagssvæðisins.

## IV. KAFLI

**Rekstrarleyfi og gjöld.**

## 12. gr.

*Gæða- og tækniröfur.*

Bifreið, sem notuð er til fólksflutninga samkvæmt lögum þessum, skal uppfylla gæða- og tækniröfur Vegagerðarinnar og hana má eingöngu nota til slíkra flutninga meðan leyfið gildir, sbr. þó 10. gr. Þó er heimilt að flytja frakt í þar til gerðu rými, enda uppfylli bifreiðin að öðru leyti skilyrði fólksflutningabifreiðar.

Vegagerðinni er heimilt að takmarka notkun strætisvagna utan þéttbýlis.

Vegagerðinni er heimilt að gera sérkröfur til bifreiða sem notaðar eru til flutnings skólabarna.

Framangreindar kröfur Vegagerðarinnar skulu staðfestar af ráðherra.

## 13. gr.

*Eftirlit og leyfisgjöld.*

Greiða skal fyrir útgáfu leyfa.

Fyrir rekstrarleyfi skv. 4., 6., 7. og 10. gr. skal greiða sem hér segir:

1. Fyrir almennt rekstrarleyfi til að stunda fólks-, vöru- og efnisflutninga skal greiða 3.000 kr. árlegt gjald. Enn fremur skal árlega greiða 1.000 kr. vegna hverrar bifreiðar og skal það gjald greitt þegar bifreið er færð til árlegrar skoðunar.
2. Fyrir sérútbúnað bifreiðar skv. 10. gr., sem uppfylla þurfa gæða- og tækniröfur skv. 12. gr., skal greiða 4.000 kr. árlegt gjald fyrir rekstrarleyfi. Enn fremur skal árlega greiða 1.000 kr. vegna hvorrar bifreiðar og skal það gjald greitt þegar bifreið er færð til árlegrar skoðunar.
3. Fyrir sérleyfi og einkaleyfi skal greiða 20.000 kr. árlegt gjald.
4. Fyrir önnur rekstrarleyfi skal greiða 10.000 kr. árlegt gjald.

Halda skal tekjum og gjöldum vegna framangreindra leyfa aðskildum í bókhaldi.

Framangreind gjöld skulu renna til Vegagerðarinnar og standa undir eftirliti og leyfisveitingum samkvæmt lögum þessum. Vegagerðinni er heimilt að fela þriðja aðila þetta eftirlit.

## 14. gr.

*Rekstrarstöðvun.*

Verði aðili uppvís að því að stunda leyfisskylda starfsemi samkvæmt lögum þessum án þess að hafa til þess tilskilin leyfi er Vegagerðinni heimilt að fela lögreglu að stöðva starfsemi og viðkomandi ökutæki þegar í stað þar til leyfi hefur verið fengið.

## 15. gr.

*Refsingar. Svipting leyfis.*

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum er settar kunna að verða samkvæmt þeim varða sektum og/eða leyfissviptingu nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum og skal fara með slík mál að hætti opinberra mála. Sektir allt að 100.000 kr. fyrir brot gegn lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim skulu ákveðnar í reglugerð sem dómsmálaráðherra setur að fengnum tillögum ríkissaksóknara. Þar skal tilgreint til hvaða tegunda brota hún taki og hvaða sekt skuli koma fyrir hverja tegund brots. Heimilt er að víkja frá ákvæðum reglugerðarinnar ef veigamikil rök mæla með því.

Við alvarleg eða ítrekuð brot er Vegagerðinni heimilt að svipta viðkomandi leyfum er honum hafa verið veitt samkvæmt lögum þessum. Slík svipting tekur gildi þegar í stað og gildir þar til úrlausn hefur fengist í málinu skv. 1. mgr.

Sama gildir um skilyrði leyfis eins og þau eru tilgreind í leyfisbréfi.

## V. KAFLI

**Ýmis ákvæði.**

## 16. gr.

*Reglugerð.*

Samgönguráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir um skipulag á fólksflutningum, vöruflutningum og efnisflutningum vegna skuldbindinga er leiðir af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

17. gr.  
*Gildistaka.*

Lög þessi taka gildi 1. september 2001. Jafnframt falla brott lög um vöruflutninga á landi, nr. 47/1994, með síðari breytingum, lög um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum, nr. 13/1999, og lög um samsetta flutninga o.fl. vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, nr. 33/1995.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Leyfi til fólksflutninga með hópferðabifreiðum, sem gefin hafa verið út samkvæmt eldri lögum, halda gildi sínu samkvæmt lögum þessum þar til gildistími þeirra er útrunninn eða leyfið fellur niður skv. 15. gr. laganna.

Handhafar sérleyfa samkvæmt eldri lögum skulu að jafnaði sitja fyrir um endurúthlutun sérleyfa á viðkomandi sérleyfisleið fram til ársins 2005. Endurúthlutuð leyfi skulu ekki gilda lengur en til 1. ágúst 2005 og skal þá efnt til útboðs á öllum sérleyfum.

Þeir sem stunda vöruflutninga með ökutækjum skv. 1. gr. gegn gjaldi við gildistöku laga þessara skulu uppfylla skilyrði laganna og afla sér leyfis Vegagerðarinnar samkvæmt lögum þessum eigi síðar en 31. desember 2001.

*Gjört á Bessastöðum, 31. maí 2001.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Davíð Oddsson.*